

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar hdl., kr. 30.000,00, þ.m.t. sölu-skattur, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 67/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Okur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1988 að ósk ákærða en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða krafist þess að málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá sakadómi. Til vara krafðist hann að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og til þrautavara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Ómerkingar- og frávisunarkrafa ákærða er byggð á því að ákæra í málinu fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til hennar, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Eigi verður fallist á að gallar séu á ákæru sem valda eigi ómerkingu hins áfrýjaða dóms og frávisun málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 38/1987 og nr. 39/1987, sem upp voru kveðnir 3. júní 1987.

Ákærði skýrði svo frá fyrir sakadómi 8. júlí 1987 að hann hefði átt viðskipti við Hermann Gunnar Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Hann hefði 2. maí 1984 afhent Hermannni Gunnari 2.006.942,00 krónur til ávöxtunar, en sú fjárhæð hefði verið afrakstur af viðskiptum við Hermann Gunnar, m.a. með verðbréf. Ákærði kvaðst sama dag hafa tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka sem dagsettur var 2. júlí 1984 að fjárhæð 2.301.058,00 krónur, en það hefði verið sú fjárhæð sem samsvaraði höfuðstól ávöxtunarfjárins að viðbætti ávöxtun í tvo mánuði. Er að gjalddaga kom hafi hann afhent Hermannni Gunnari tékkann en tekið við úr hendi hans nýjum tékka að fjárhæð 2.638.854,00 krónur. Hafi það verið höfuðstóll stofns ávöxtunarfjárins að viðbætti ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár. Ákærði kvað viðskipti þessi hafa haldið áfram á síðari hluta árs 1985 og hafi heildarfjárhæð höfuðstóls og vaxta verið 6.883.813,00 krónur í 5 tékkum. Taldi hann litla von á að fá fé þetta. Ákærði kvað aldrei hafa verið talað um lán milli þeirra Hermanns Gunnars heldur ávöxtun.

Framburð þennan dró ákærði til baka í þinghaldi 30. nóvember 1987.

Fallast ber á með héraðsdómara að ekki verði mark tekið á breytingu og afturköllun ákærða á framburði sínum 30. nóvember 1987 og að leggja beri til grundvallar skýrslu þá sem ákærði gaf fyrir dómi 8. júlí 1987.

Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi veitt Hermannni Gunnari Björgvinssyni lán 2. maí 1984 og 2. júlí 1984 með þeim kjörum sem í héraðsdómi greinir.

Leggja verður til grundvallar frásögn ákærða sjálfs um að lán það sem hann veitti Hermannni Gunnari 2. maí 1984 í tvo mánuði hafi numið 2.006.942,00 krónum en lánið 2. júlí 1984 hafi numið 2.301.058,00 krónum. Samkvæmt því hafi endurgjald fyrir fyrra lánið í tvo mánuði numið 294.619,00 krónum, en síðara lánið 337.795,00 krónum. Fékk ákærði með þessu endurgjald fyrir lánveitingar þessar á tímabilinu frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár sem nam 632.414,00 krónum.

Á þessum tíma voru leyfilegir hámarksvextir 21% á ári samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands sem í héraðsdómi segir. Var ákærða

heimilt að taka samtals 150.780,00 krónur í hámarksvexti vegna framangreindra lána á nefndu tímabili. Hefur ákærði því við lánveitingar þessar tekið ólöglega vexti samtals að fjárhæð 481.634,00 krónur. Braut vaxtataka þessi í bága við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 4. lið II. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl. og 4. lið II. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti o.fl. frá 9. maí 1984. Við ákvörðun refsingar ber hins vegar að miða við þá fjárhæð sem í ákæru greinir, 476.240,00 krónur, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærða, þó svo að vararefsing verði 9 mánuðir.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða að sakarkostnaður í héraði verði að hálfu greiddur af ákærða en að hálfu úr ríkissjóði svo sem nánar greinir í dómsorði, en ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásgeir Þór Ásgeirsson, greiði 1.900.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og skal hún niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði varðhaldi í 9 mánuði, greiði hann ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur, greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30 desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 736/1987: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða, „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermannni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942,00 sem greiðast skyldu þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.058,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116,00 og svara til 75,4% ársvaxta í stað 18,5% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánnum, og því kr. 221.984,00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermannni Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skipti þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingar: (Sjá næstu síðu.)

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. enn fremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af vixlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákærvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán ákærða, veitt eftir 11. ágúst 1984, vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 252/1986: Ákærvaldið gegn Birni Pálssyni, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að engin gild fyrirmæli hafi verið til um hámarksvexti frá gildistöku auglýsingar Seðlabankans um vexti o.fl. frá 2. ágúst 1984.

Málavextir eru þessir:

Við húsleit sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði „í starfsstöð Hermanns Björgvinssonar að Hafnarstræti 20, Reykjavík“, fundust gögn sem bentu til þess að ákærði í máli þessu hefði látið Hermann hafa peninga og að

<i>Dagsetning</i>	<i>Greiðslu- dagur</i>	<i>Lánsfjárr- hæð</i>	<i>Endur- greitt</i>	<i>Áskildir vextir</i>		<i>Lögleyfðir vextir</i>		<i>Vextir unngfram</i>	<i>Hæstu lögleyfðir vextir á láns- tímanum miðast við ...</i>
				<i>pr. ár</i>	<i>miðað í %</i>	<i>pr. ár</i>	<i>miðað í %</i>	<i>fyrir lögl.</i>	
				<i>kr.</i>	<i>tímabil</i>	<i>kr.</i>	<i>tímab.</i>	<i>tímab.</i>	
2. 5.1984	2. 7.1984	2006942.	2301058.	75.4	294116.	18.5	72132.	221984.	hæstu víxlavexti
2. 7.1984	2. 9.1984	2301058.	2638854.	88.1	337796.	21.8	83540.	254256.	hæstu skuldabréfa
2. 9.1984	2.11.1984	2638854.	3026238.	75.5	387384.	23.0	117939.	269445.	hæstu víxlavexti
2.11.1984	2. 1.1985	3026238.	3470490.	75.5	444252.	24.0	141133.	303119.	hæstu víxlavexti
2. 1.1985	2. 3.1985	3470490.	3979957.	75.5	509467.	31.0	209058.	300409.	hæstu víxlavexti
2. 3.1985	2. 5.1985	3979957.	4564214.	75.5	584257.	31.0	239748.	344509.	hæstu víxlavexti
2. 5.1985	2. 7.1985	4564214.	5234241.	75.5	670027.	31.0	274943.	395084.	hæstu víxlavexti
2. 7.1985	2. 9.1985	5234241.	6002627.	75.5	768386.	29.5	300048.	468338.	hæstu víxlavexti
2. 9.1985	2.11.1985	6002627.	6883813.	75.5	881186.	30.0	349927.	531259.	hæstu víxlavexti

ákærði ætti hjá honum verulegar fjárhæðir. Afhenti ákærði rannsóknarlög-reglunni til ljósrítunar fimm tékka, útgefna af Hermann Björgvinssyni, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur.

Vitnið Hermann Gunnar Björgvinsson, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, skýrði svo frá við rannsókn málsins að viðskipti þess við ákærða hefðu verið fölg-in í því að ákærði hefði lánað vitninu peninga gegn vöxtum. Hefði vitnið í upphafi greitt ákærða rúmlega 16% í vexti fyrir hverja tvo mánuði en í lokin hefði ákærði fengið 14,68% vexti fyrir sama tímabil. Vitnið kvað viðskipti þess og ákærða hafa hafist sumarið 1981 og þá hefðu þau verið í sambandi við kaup og sölu á skuldabréfum, vöruvíxlum og tékkum á þriðja mann. Hefðu þetta verið lágar fjárhæðir og vitnið einungis haft milligöngu í þessum viðskiptum f.h. Verðbréfamarkaðarins. Hefðu viðskiptin síðan þróast í þá átt að vitnið fór að taka peninga að láni hjá ákærða persónulega gegn þeim vöxtum, sem áður greinir. Gat vitnið sér til um að það hefði samtals fengið frá ákærða um 700.000 krónur, en það hefði ekkert fengið frá honum frá því í maí 1984. Hefði ákærði ávallt fram-lengt lánin til vitnisins á tveggja mánaða fresti, og ljóst væri að bróðurpart-urinn af ofangreindri skuld vitnisins við ákærða, 6.883.813 krónum, væri vextir. Hefði ákærði nánast ekkert tekið út af peningum og engar hreyfing-ar verið á lánum ákærða frá því í maí 1984. Væri ákærði nú með í höndun-um 5 tékka, útgefna af vitninu, dagsetta 7., 16., 21. og 29. nóvember 1985 og einn dagsettan 17. desember sama ár. Með því að bakfæra vextina 18 mánuði aftur í tímann eða til maí 1984 kæmi í ljós að höfuðstóllinn þá hefði verið 2.006.942 krónur. Væri óþarft að gera hvern tékka upp sérstak-lega á þessu tímabili, þar sem ekkert hefði gerst varðandi þessi lán sl. 18 mánuði annað en það að vextir hefðu bæst við eftir hverja tvo mánuði. Ef þessi 5 lán væru sameinuð í eina tölu og kölluð eitt lán mætti stilla þessu upp þannig:

<i>Lán í maí 1984</i>	<i>Greiðsla í nóvember 1985</i>	<i>Vextir í 18 mánuði</i>
kr. 2.006.942	kr. 6.883.813	kr. 4.876.871

Vitnið kvaðst hafa farið að fá peninga að láni hjá ákærða á árinu 1982, alltaf lítið í einu, og það sem vitnið fékk frá honum hefði komið á einu til einu og hálfu ári.

Vitnið skýrði í meginatriðum frá á sama veg fyrir dómi. Kvað það engan vafa leika á því að viðskipti þess og ákærða hefðu verið persónulegs eðlis með því að ákærði hefði lánað vitninu fé gegn vöxtum sem vitnið hefur sjálft ákveðið.

Við rannsókn málsins kvaðst ákærði fyrst hafa átt viðskipti við Hermann Björgvinsson á árinu 1982, en Hermann hefði rekið Verðbréfamarkaðinn,

Nýja húsinu við Lækjargötu. Í byrjun hefðu viðskiptin verið með skulda-
bréf, vöruvísla og tékka á þriðja mann, en þau hefðu verið lítil. Ákærði
kvaðst á öndverðu ári 1983 hafa leitað til Hermanns og spurst fyrir um
verðbréf. Hefði Hermann engin verðbréf átt þá stundina en boðist til að
taka fé ákærða „í fjárvörslu“ gegn ekki lakari ávöxtun. Hefði gangurinn
á þessu verið sá að ákærði hefði fengið í hendur tékka sem Hermann gaf
út og afhenti ákærða gegn þeim peningum sem ákærði afhenti „til fjár-
vörslu“. Hefði þessu verið haldið áfram á tveggja mánaða fresti og ofan
á þetta hefðu lagst á hverju tímabili 14,68% í ávöxtun. Hefði ákærði lagt
fram til þessara viðskipta 850.000 til 900.000 krónur á árinu 1983 og ekkert
fengið útborgað af þessu fé, hvorki höfuðstól né vexti.

Svo sem áður greinir afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni til ljósritunar
5 tékka, útgefna af Hermannni Björgvinssyni, en þeir eru sem hér segir:

Tékki nr. 35000503	pr. 7.11.1985	kr. 2.158.550,00
Tékki nr. 3507746	pr. 16.11.1985	kr. 459.213,00
Tékki nr. 3507745	pr. 21.11.1985	kr. 1.301.160,00
Tékki nr. 4999705	pr. 29.11.1985	kr. 536.390,00
Tékki nr. 5006139	pr. 17.12.1985	kr. 2.428.500,00
Samtals		kr. 6.883.813,00

Ákærði kvaðst ekki geta rakið hvern og einn tékka til upphaflegrar
ávöxtunar, en kvað þó að hann hefði hvorki lagt fram fé né móttekið eftir
2. maí 1984. Féllst ákærði á að bakreikna mætti fjárhæðina út frá ofan-
greindum höfuðstól miðað við 14,68% vexti og fá þannig út að hún hefði
verið í maí 1984 2.006.942 krónur þannig að vextir frá maí 1984 til nóvem-
ber 1985 næmu samtals 4.876.871 krónu. Kvað ákærði að það ætti að gefa
raunhæfa mynd af þessum viðskiptum að deila með 1.14.68 í höfuðstólinn,
6.883.813 krónur, og kæmi þá út staðan eftir hverja tvo mánuði. Ákærði
kvað framangreinda vexti vera „áhættuvexti“ af fé sem ákærði hefði lagt
fram.

Hinn 28. nóvember 1985 afhenti ákærði Rannsóknarlögreglu ríkisins eig-
in greinargerð, dagsetta sama dag, svohljóðandi:

„Á öndverðu ári '83 leitaði ég til Hermanns Björgvinssonar, Verðbréfa-
markaðinum í Nýja húsinu við Lækjargötu, og spurðist fyrir um verðbréf.
Hann kvaðst þá engin hafa þá stundina, en bauðst til að taka fé mitt í
fjárvörslu gegn ekki lakari ávöxtun. Þar sem ég vissi að hann hafði sam-
bönd við einhverja fasteignasala og heildsala féllst ég á hugmynd Her-
manns. Ég innti af hendi nokkrar greiðslur í viðbót á árinu '83 og fékk
ávisanir á Samvinnubankann fyrir. Samtals mun fé þetta hafa verið nær
850-900 þús. kr. og var það afrakstur af seldum spariskírteinum ríkissjóðs,
svo og Vegahappdrætti ríkisins, úttekt úr bankabókum, laun o.fl.

Ég vil undirstrika sérstaklega að ég hef alls engar greiðslur fengið frá Hermannni fyrir þetta fé mitt, og óska ég eftir að þetta mikilvæga atriði verði borið undir Hermann Björgvinsson. Þá hef ég engin frekari viðskipti átt við Hermann undanfarin tvö ár. Pappírsávisanir hafa hins vegar hrúgast upp í krónutölu, en eins og að ofan greinir hefur aldrei verið leitað eftir greiðslum og því ekki reynt á hvort eða hve mikið af þessu áhættufé fengist til baka.“

Ákærði gerði við rannsókn málsins engar athugasemdir við útreikninga Seðlabanka Íslands á ætlaðri vaxtatöku ákærða frá 2. maí 1984, en þeir útreikningar eru lagðir til grundvallar í ákæru.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði hafa átt viðskipti við Hermann Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Kvaðst ákærði hafa afhent Hermannni hinn 2. maí 1984 2.006.942 krónur til ávöxtunar, sem hefðu verið afrakstur af viðskiptum ákærða við Hermann, m.a. með verðbréf. Ákærði kvaðst sama dag hafa tekið við tékka úr hendi Hermanns, dagsettum 2. júlí 1984, að fjárhæð 2.301.058 krónur, sem hefði verið höfuðstóllinn að viðbætti ávöxtun í tvo mánuði. Er kom að gjald-daga hefði viðskiptum þessum verið haldið áfram og ákærði þá afhent Hermannni tékkann og tekið við nýjum úr hendi hans, að fjárhæð 2.638.854 krónur, dagsettum 2. september 1984, en það hefði verið upphaflegur höfuðstóll að viðbætti ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár. Hefði þessum viðskiptum verið haldið áfram fram á síðari hluta ársins 1985 og er til yfirvalda gagnvart Hermannni kom í nóvember 1985, hefði heildar-fjárhæð höfuðstóls og ávöxtunar verið 6.883.813 krónur.

Hinn 10. september sl. krafðist verjandi ákærða þess að máli þessu yrði vísað frá dómi á þeirri forsendu að rannsókn málsins væri ófullkomin í verulegum atriðum. Með úrskurði 18. sama mánaðar var kröfu verjandans hafnað. Var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar sem staðfesti hann með dómi 2. október sl.

Í þinghaldi 15. október sl. krafðist verjandi ákærða frekari rannsóknar málsins í eftirfarandi fjórum liðum:

„1. Að ákærði komi fyrir dóminn og fái tækifæri til þess að skýra nánar þau atriði er fram koma í minnisbók um fjölda ávísana frá Hermannni Björgvinssyni og fjárhæð þeirra jafnframt því að leiðrétta framburð sinn til samræmis við þessi minnisatriði, er ekki voru ljós fyrr en áður nefnd minnisbók fannst fyrir tilviljun.

2. Að staðreyndir þær sem fram koma í áður nefndri minnisbók verði bornar undir Hermann Björgvinsson, jafnframt því sem varnaraðila verði gert kleift að varpa spurningum til Hermanns Björgvinssonar um ýmis atriði er fram koma í skjölum þeim er fylgja frávísunarkröfu um málið.

3. Að ákæruvaldinu verði gert að leggja fram nýjan útreikning vegna

„vaxta“, en eftir dóm Hæstaréttar frá 19.12. 1986 er fyrri útreikningur, er fylgdi ákæru, einskis virði sem sönnunargagn í opinberu máli.

4. Enn er ítrekuð sú krafa að málið verði sent Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar að nýju þar sem veigamikil atriði í framburði ákærða eru órannsökuð og ljóst liggur fyrir, að grundvöllur ákæru er reistur á einhliða, ótraustum upplýsingum Hermanns Björgvinssonar sem sannarlega standast ekki. Bent er á nýlegan sýknudóm sakadóms Reykjavíkur í hlið-stæðu máli.“

Kröfu verjandans um ofangreinda rannsókn var hafnað með úrskurði dómsins, uppkveðnum 4. nóvember sl. Var sá úrskurður einnig kærður til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar frá 20. nóvember sl. segir m.a. svo:

„Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur ákærði óskað þess að gefa frekari skýringar við skýrslu sína í málinu með tilliti til nýs gagns sem hann kveður nú hafa fundist. Með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að verða við þessari ósk ákærða. Ber það síðan undir mat héraðsdómara hvort frekari rannsóknar er þörf. Er framangreind krafa um framhaldsrannsókn ekki tekin til greina að öðru leyti.“

Á grundvelli þessa dóms Hæstaréttar var ákærða gefinn kostur á að gefa frekari skýringar á skýrslu sinni með tilliti til ofangreinds „nýs gagns“ sem er ljósrit úr minnisbók ákærða, sem ákærði kvaðst hafa fundið fyrir tilviljun. Lagði verjandi ákærða nefnt ljósrit fram í þinghaldi 10. september sl. Á ljósriti þessu koma fram eftirfarandi 10 dagsetningar og fjárhæðir:

2-11-84 = 301.642	29-11-84 = 235.805
7-11-84 = 488.674	11-12-84 = 432.400
16-11-84 = 201.636	19-12-84 = 67.150
12-11-84 = 158.671	24-12-84 = 184.060
21-11-84 = 572.037	22-12-84 = 384.020
	3.026.295

Ákærði kvað ofangreindar fjárhæðir vera samkvæmt 10 tékkum sem Hermann Björgvinsson hefði gefið út til ákærða. Kvaðst ákærði hafa skráð þessar tölur hinn 7. nóvember 1984. Ákærði kvaðst hafa átt í verðbréfavíðskiptum við Hermann Björgvinsson á árinu 1984 og keypt hinn 2. maí 1984 af honum verðbréf fyrir 200.000 krónur. Síðan hefði ákærði keypt önnur verðbréf hjá Verðbréfamarkaðnum fyrir það fé sem ákærði fékk út úr þessum víðskiptum, en að lokum hefði ákærði fallist á að fé hans yrði haft í fjárvörslu og þá hefði verið byrjað á að sameina þessar mörgu kröfur, þannig að í nóvember 1984 hefðu ávísanirnar verið komnar niður í 10 og síðan í 5 í byrjun ársins 1985, en sú tala hefði haldist óbreytt, og væri þar um að ræða þær fimm ávísanir sem áður er getið og ákærði afhenti til ljósritunar, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur.

Í þinghaldi þessu kvaðst ákærði vilja draga til baka framburð sinn í málinu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi á grundvelli ofangreindrar minnisbókar. Þá kvaðst ákærði enn fremur draga til baka eigin greinargerð frá 28. nóvember 1985. Ákærði gat engar viðhlítandi skýringar gefið á þessum afturköllunum sínum. Kvaðst hann ekki hafa verið beittur neinum þvingunum í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni og jafnframt kvaðst hann hafa afhent lögreglunni ofangreinda greinargerð af fúsum og frjálsum vilja.

Ákærði og Hermann Björgvinsson voru samprófaðir í dómi hinn 2. desember sl. Héldu ákærði og vitnið hvor um sig fast við fyrri framburð í málinu og náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra en þegar var orðið.

Niðurstöður.

Verjandi ákærða hefur í fyrsta lagi gert kröfu um að máli þessu verði vísað frá dómi vegna þess að rannsókn þess sé svo ábótavant að það sé eigi hæft til dómsálagningar. Kröfu þessa hefur verjandinn áður haft uppi í máli þessu, og svo sem áður greinir var henni hafnað með úrskurði dómsins hinn 18. september sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 2. október sl. Engar nýjar málsástæður hafa bæst við þessa frávisunarkröfu verjandans síðan þá, og ber samkvæmt því að hafna henni með skírskotun til áðurgreinds hæstaréttardóms.

Þá hefur verjandinn í öðru lagi krafist þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eigi verður fallist á það með ákærða að hann hafi ekki lánað Hermannni Gunnari Björgvinssyni fé, heldur fengið honum það til ávöxtunar. Kemur fram í skýrslum ákærða og Hermanns Gunnars að um leið og ákærði afhenti Hermannni Gunnari féð var samið um vexti og vaxtatímabil sem var tveir mánuðir, og tók Hermann Gunnar þá einn á sig tékkaskuldbindingu um greiðslu höfuðstóls ásamt vöxtum á tilgreindum gjalddaga. Gat ákærða því eigi dulist að um peningalán var að ræða af hans hálfu að áskildu endurgjaldi eins og í ákæru greinir.

Þá verður að hafna afturköllun ákærða á fyrri framburði sínum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi svo og eigin greinargerð frá 28. nóvember 1985, þar eð ákærði þykir ekki hafa gefið neinar viðhlítandi skýringar á henni.

Þykir vera sannað með eigin játningu ákærða við rannsókn og meðferð málsins sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þ. á m. hina 5 tékka, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur, útgefna af Hermannni Gunnari Björgvinssyni, sem ákærði hafði í förum sínum er rannsókn málsins hófst, að ákærði hafi hinn 2. maí 1984 lánað Hermannni Gunnari samtals 2.006.942 krónur gegn 14,68% endurgjaldi í tvo mánuði og síðan lánað

honum aftur hinn 2. júlí 1984 2.301.058 krónur til tveggja mánaða gegn sama endurgjaldi. Fékk ákærði með þessum hætti samtals 631.912 krónur í endurgjald frá Hermanni Gunnari á tímabilinu frá 2. maí til 2. september 1984.

Er ákærði veitti Hermanni Gunnari lánið hinn 2. maí 1984 var í gildi auglýsing Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl., en samkvæmt 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar námu leyfilegir hámarksvextir 21% á ári. Er ákærði veitti Hermanni Gunnari lánið hinn 2. júlí 1984 var í gildi auglýsing Seðlabanka Íslands um vexti o.fl. frá 9. maí 1984, en samkvæmt 2. lið II. kafla nefndrar auglýsingar námu leyfilegir hámarksvextir 21% á ári.

Samkvæmt framansögðu var ákærða heimilt að taka samtals 150.780 krónur í hámarksvexti vegna framangreindra lánveitinga á nefndu tímabili. Hefur ákærði því í þessum tilvikum tekið í ólöglega vexti samtals 481.132 krónur. Endurgjald það er ákærði tók fyrir lán þessi braut í bága við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 58, 1960, sbr. framangreindar auglýsingar Seðlabanka Íslands, en samkvæmt skýlausum ákvæðum vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. ákvæði 1 til bráðabirgða, taka nefnd ákvæði laga nr. 58, 1960 til brota ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann aldrei sætt refsingu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1.900.000 króna sekt til ríkissjóðs. Rétt þykir þó að fresta greiðslu sektarinnar og ákveða að hún skuli niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Verði skilorðið eigi haldið, sæti ákærði varðhaldi 12 mánuði, greiði hann eigi sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt um að refsingin verði framkvæmd.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

Skaðabótakröfur hafa eigi verið gerðar í málinu.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar hinn 1. desember 1986.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásgeir Þór Ásgeirsson, greiði 1.900.000 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði varðhaldi 12 mánuði, greiði hann ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda sins, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Miðvikudaginn 21. desember 1988.

Nr. 412/1988. **Kristmundur Ásmundsson**

gegn

Ríkisendurskoðun

Kærumál. Opinbert mál. Aðgangur að sjúkraskýrslum.
Úrskurður felldur úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, kvað hinn kærða úrskurð upp í sakadómi kaupstaðarins, enda segir í 7. gr. 3. mgr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun, eins og hún er eftir breytingu með lögum nr. 35/1988, að ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar sæti úrlausn sakadóms.

Kæruheimild er 172. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 sbr. 2. gr. 12. tl. sömu laga. Kært var 15. þ.m., daginn sem úrskurðurinn var kveðinn upp. Málið kom til Hæstaréttar 19. þ.m.

Fyrir Hæstarétti krefst sóknaraðili þess, að „hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, öllum kröfum Ríkisendurskoðunar í málinu synjað og Kristmundi Ásmundssyni, heilsugæslulækni, dæmt óskýlt að veita starfsmönnum Ríkisendurskoðunar, þ. á m. trúnaðarlækni stofnunarinnar, aðgang að sjúkraskýrslum í Heilsugæslustöð Suðurnesja í Grindavík“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í báðum dómum.

Fyrir Hæstarétti gerir varnaraðili þá kröfu að hinn „kærði úr-